

- 3.6 Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 48% af þeirri breytingu. Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá 1. janúar 1979 hvort heldur er vegna breytingar á grunnkaupi, kaupgjaldsvisistölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 4/5 af þeirri breytingu.
- 3.7 Sölugjald 23.5% og 19% verðjöfnunargjald til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, samtals 42.5% eru innifalin í rafmagnsgjöldum, sem um ræðir í 1. kafla gjaldskrár þessarar, nema á töxtunum D1, D3, D5 og D7.
- 3.8 Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að taka gildi 10. maí. 1980 sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 231/1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 65 28. janúar 1980.

Iðnaðarráðuneytið, 10. júní 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Sauðárkróks.

Gildir frá 10. maí 1980.

I. RAFORKA.

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Taxti A—1.	Orka til almennrar lýsingar	kr. 95.25 á kwst.
	Mælaleiga samkv. kafla II.	
A—2.	Orka til lýsingar þar sem ekki verður mælingu við komið (lágmark 2 kW).	— 127 390 árskw.
Taxti B—1.	Orka til almennrar heimilisnotkunar, svo og til sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana	— 43.73 á kwst.
	Lágmarksgjald	— 650.00 á mán.
	Leiga af mælum ekki tekin.	
Taxti C—1.	Orka til véla og mannvirkjagerða	— 95.25 á kwst.
	Mælaleiga samkv. kafla II.	
C—2.	Orka samkv. 15. mín. meðalafismælingu + aflgjald (lágmark 20 kW.)	— 14.20 á kwst.
	Mælaleiga samkv. kafla II.	— 57 581 árskw.
	Ef ekki er unnt að mæla notað afl, miðast aflgjald við málraun véla.	

Hitun.

- Taxti D—1. Orka til húshitunar, roftími 2x1.5 klst. á dag án söluskatts. — 10.18 á kwst.
Mælaleiga samkv. kafla II.
- D—2. Önnur hitanotkun, roftími 2x1.5 klst. á dag — 14.50 á kwst.
Mælaleiga samkv. kafla II.
- D—3. Orka til næturhitunar, eða hliðstæðra nota, roftími allt að 13 klst. á sólarhring — 11.24 á kwst.
Mælaleiga samkv. kafla II.

Um framangreinda hitagjaldsskrárliði gilda eftirfarandi ákvæði:
Minnsta ársnotkun sé 6000 kWst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði leigu-af þeim samkv. reglum, sem gilda um mæla.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkv. fyrir mælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu sem hér segir:

- Af einfasa mælum 30 amp. og minna kr. 214.00 á mán.
- Af þrífasa mælum 50 amp. og minna kr. 360.00 á mán.
- Af þrífasa mælum 50—100 amp. kr. 502.00 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu. Fari lengd jarðstrengs heimtaugar fram úr 15 m. skal greitt yfirlengdargjald eins og aflan sýnir:

Málstraumur stofnvara:	Lágmark kr.	Jarðstrengur
		Yfirlengd kr./m
63 A 1-fasa	215 900.00	6 925.00
63 A 3-fasa	256 200.00	6 925.00
100 A 3-fasa	333 400.00	9 458.00
125 A 3-fasa	417 100.00	10 571.00
200 A 3-fasa	652 100.00	14 343.00
300 A 3-fasa	942 100.00	25 960.00

Stærri heimtaugar svo og bráðabirgðaheimtaugar greiðist skv. kostnaði.

Á loftlínuheimtaug reiknast gjald, sem er 20% lægra en að framan greinir, fyrir heimtaug allt að 40 m. Það, sem þar fer fram yfir greiðist samkv. kostnaði.

Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 A reiknast frá stystu greiðfærri leið að lóðarmörkum. Lengd stærri jarðlínuheimtauga reiknast frá varkassa að rofalínudreifistöð.

Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m. frá varkassa. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafveitu Sauðárkróks.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafveitunni að kostnaðarlausu og hlíta þer skilmálum hennar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umræða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjólbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv. skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Rafveitunnar í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppstept húsnæði — er lagt Rafveitunni til að kostnaðarlausu, en hún sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði augin, skal hann greiða fyrir breytingarnar samkv. kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkv. gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 2 887.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 2 887.00 gjald á skrifstofu Rafveitunnar.

Söluskattur 23,5% auk 19% verðjöfnunargjalds, til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, samtals 42,5% er talin með í upphæð gjalda þeirra sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar, nema á taxta D-1.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 10. maí 1980, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 231/1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 163 7. mars 1980.

Iðnaðarráðuneytið, 10. júní 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.